

Fimmtudaginn 24. september 1992.

Nr. 350/1992. **Stefán Már Stefánsson**

gegn

innheimtumanni ríkissjóðs í Kjósarsýslu,

Landsbanka Íslands og

Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. júlí 1992. Kæruheimild er í 3. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Kært er þriðja og síðasta uppboð á fasteigninni Sætúni I í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, þinglesinni eign sóknaraðila, er fram fór 29. júní 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að framangreint uppboð verði ómerkt og málinu „vísað heim til löglegrar meðferðar“. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Landsbanki Íslands krefst staðfestingar hins kærða uppboðs og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Aðrir varnaraðilar hafa ekki gert kröfur í málinu.

Hinn 24. janúar 1992 var tekin fyrir í uppboðsrétti Kjósarsýslu krafa Landsbanka Íslands um sölu framangreindrar fasteignar á nauðungaruppboði. Fyrsta uppboð fór fram 24. mars 1992, en annað og síðara 2. júní sama ár. Í þinghaldi uppboðsréttar 29. júní, er þriðja og síðasta sala fór fram, voru boðnar í eignina 14.000.000 króna. Lauk þar með sölutilraun, og var boð þetta þegar samþykkt af uppboðshaldara. Í þessu þinghaldi var í fyrsta sinn sótt þing af hálfu sóknaraðila. Engum andmælum var hreyft gegn framkvæmd eða framgangi uppboðsins.

Eina ástæðan, sem tilgreind er af hálfu sóknaraðila fyrir kæru máls þessa til Hæstaréttar, er svohljóðandi: „...uppboðsauglýsing fullnægði ekki skilyrðum 1. tl. 22. gr. l. nr. 57/1949“.

Varnaraðilinn Landsbanki Íslands reisir kröfur sínar í málinu á því, að eigi verði annað séð en uppboðsauglýsing hafi að öllu leyti

fullnægt skilyrðum laga, og eigi krafa sóknaraðila því ekki við rök að styðjast.

Jóhannes Ásgeirsson héraðsdómsslögmaður fer með kærúmál þetta af hálfu sóknaraðila. Hvorki hefur lögmaðurinn lagt fram gögn né fært fram nokkur rök til stuðnings þeirri málsástæðu, sem kæra málsins er reist á. Er bersýnilegt, að kæran er með öllu til-efnislaus og til hennar stofnað í þeim tilgangi einum að hamla gegn eðlilegum og réttmætum framgangi uppboðsmálsins. Ber að átelja þetta harðlega.

Rétt er eftir atvikum, að sóknaraðili greiði varnaraðilanum Landsbanka Íslands 60.000 krónur í kærúmálskostnað. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Þriðja og síðasta uppboð á fasteigninni Sætúni I í Kjalarnes-
hreppi, sem fram fór 29. júní 1992, er staðfest.

Sóknaraðili, Stefán Már Stefánsson, greiði varnaraðila
Landsbanka Íslands 60.000 krónur í kærúmálskostnað.